

Ed.

§51. Tillaga

til þingsályktunar um skilyrði fyrir styrk til búnaðarfelaga.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar, að ákvæðið um tímatakmarkið í skilyrðum Alþingis (A. almenn skilyrði) fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfelaga frá 29. apríl 1911, að eftir árið 1919 megi skoðunarmaður eigi taka upp í jarðabótaskýrslu »túnasljettun, túnútgræðslu eða sáðreiti, þar sem eigi er áburðarhús og salerni«, komi eigi til framkvæmda fyr en eftir árið 1925.